



Reglur um snjómokstur og hálkuvarnir í Kjósarhreppi

Vegagerðin sér um snjómokstur í sveitarfélaginu ásamt helmingaskipti á móti Kjósarhreppi.

Forgangur 1

Snjómokstri helstu aðalleiða Kjósarhrepps skal að öllu jöfnu vera lokið fyrir kl. 7:30. Akstursleið skólábilsins skal að öllu jöfnu vera lokið áður en skólabíll fer þar um.

Forgangur 2

Að loknum snjómokstri skv. forgangi 1 hefst snjómokstur á héraðsvegum. Þá er aðkeyrsla og bílaplan við Ásgarð mokuð og Endurvinnsluplan mokað í samvinnu við stafsmenn plansins.

Í mikilli háлку skulu vegir sem eru varasamir saltaðir af verktaka Kjósarhrepps, Vegagerðin saltar ákveðna staði á Hvalfjarðarvegi samkvæmt [korti](#).

Komi beiðni um snjómokstur frá lögreglu, slökkviliði, læknum eða sjúkraflutningsmönnum vegna neyðartilvika, skal því strax sinnt. Framantöldum er heimilt að kalla út tæki til snjómoksturs í neyðartilvikum.

Frístundabyggðir.

Sveitarfélagið þjónustar ekki vegi í skilgreindri frístundabyggð.

Sveitarfélagið veitir frístundabyggðum¹ styrk til ráðstöfunar í snjómokstur sem ákveðin er í fjárhagsáætlun ár hvert. Hvert félag fær úthlutaða styrkuppþæð² sem greiddur er út með framvísun reiknings verktaka um snjómokstur. Ónýttur styrkur færir ekki sem inneign á næsta ár.

1. Styrkur er eingöngu veittur til sumarbústaðafélaga með 20 hús að lámaki.

2. Styrkuppþæð pr. hús er kr. 5.000 á ári.

Samþykkt á hreppsnefndarfundi nr. 233 þann 12. maí 2021.